


Hafsteinn Austmann listmálari við nokkur verka sinna á Septem '88 á Kjarvalsstöðum. Morgunblaðið/Árni Sæberg

Septem '88

Rætt við Hafstein Austmann um Septemhópinn sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum í minningu Valtýs Péturssonar

Í Vestursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýningin Septem '88. Þetta er í 15. sinn sem Septem-hópurinn sýnir en verk á sýningunni á Kjarvalsstöðum eiga að þessu sinni Valtýr Pétursson, Kristján Davíðsson, Guðmunda Andrésdóttir, Hafsteinn Austmann, Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Benediktsson. Sýningin Septem '88 er að þessu sinni haldin til minningar um Valtý Pétursson listmálara, sem lést fyrr á þessu ári, en hann var ein aðal driffjöður Septem-hópsins frá upphafi.

Valtýr Pétursson var einn af stofnendum Septem-hópsins árið 1974 og aðal driffjöður sýninga þess félagsskapar. Þá var hann einnig burðarás í Félagi íslenskra myndlistarmanna, gjaldkeri þess um árabil, í stjórn Íslandsdeildar Norræna myndlistarbandalagsins frá 1951 og formaður þess 1969-1973. Þá var Valtýr myndlistargagnrýnandi Morgunblaðsins um tæpra fjögurra áratuga skeið.

Morgunblaðið fékk Hafstein Austmann, einn aðstandenda Septem-hópsins, til þess að ganga um sýninguna á Kjarvalsstöðum með blaðamanni, rifja upp sögu hópsins í stuttu máli og segja frá verkum Valtýs Péturssonar á sýningunni. Myndir eftir Valtý Pétursson á þessari sýningu eru 25 talsins, sú elsta frá 1947 og sú yngsta frá 1984, þær veita því dálitla hugmynd um listferil Valtýs en þó engan veginn tæmandi, til þess þyrfti mun stærri og yfirgripsmeiri sýningu á verkum hans.

„Hópurinn sem stóð að Septem í upphafi fyrir 14 árum voru eftirtaldir: Valtýr Pétursson, Þorvaldur Skúlason, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson, Guðmunda Andrésdóttir, Steinþór Sigurðsson, Karl Kvaran og Sigurjón Ólafsson," segir Hafsteinn í upphafi spjalls okkar. „Af þessum hópi eru þrír fallnir frá, þeir Valtýr, Þorvaldur og Sigurjón og inn í hópinn hafa bæst Guðmundur Benediktsson myndhöggvari og ég sjálfur. Ég held að hugmyndin að stofnun þessa hóps hafi verið sú fyrst og fremst að þjappa þessum málurum saman. Kannski var þetta andóf við hugmyndalistina — konseptið. Allir í þessum hóp voru og eru abstraktlistamenn nema Valtýr sjálfur, sem var farinn að mála hlutbundið undir það síðasta. Septem-hópurinn var kannski stofnaður til þess að verja málverkið, það var í tísku á þessum tíma að mála ekki heldur nota ljósmyndir og aðra tækni. Menn héldu því jafnvel fram að málverkið væri dautt.

Septem-hópurinn rakti uppruna sinn til septembersýninganna fjögurra árin 1947 til 1952. Fyrsta sýningin af þessum fjórum vakti óskaplega reiði og umræður. Síðasta sýningin fimm árum síðar vakti ekki eins mikla skelfingu en abstraktmálarar voru úthrópaðir af mörgum á þessum árum. Svo koma nokkrir úr þessum hópi saman aftur 22 árum síðar og stofna sýningarhóp til að verja málverkið. Svona gengur þetta, byltingarmennirnir verða íhaldssamir með aldrinum.

Auðvitað voru líka aðrar praktískari ástæður fyrir sameiginlegu sýningarhaldi með í spilinu. Það er t.d. mun auðveldara að sýna saman en halda einkasýningu. Menn eiga líka eitthvað sameiginlegt þegar þeir koma saman og sýna einu sinni á ári. Ég hef orðið var við að fólk er fegið að fá þessar sýningar. Þær eru orðnar fast akkeri í myndlistartilveru æði margra. Það má líka segja að þessar Septem-sýningar komist næst því að gera tilkall til hefðar í íslenskri myndlist. Enginn annar hópur myndlistarmanna á að baki jafnlangan samfelldan sýningarferil," segir Hafsteinn Austmann um Septem-hópinn.

„Myndir Valtýs Péturssonar hér á sýningunni ná í árum talið yfir nær allan myndlistarferil hans. Elsta myndin er frá árinu 1947 og þær yngstu frá 1984. Mér er sérstaklega minnisstæð fyrsta einkasýning Valtýs hér í Reykjavík árið 1951. Ég var þá sjálfur að byrja í myndlistinni og þessi sýning Valtýs hafði mikil áhrif á mig. Myndir hans voru töluvert ólíkar því sem ég hafði áður séð; þessi sýning var eins og ferskur straumur þess helsta sem var að gerast í myndlistinni í háborgum Evrópu. Valtýr hafði dvalið í Bandaríkjunum á stríðsárunum og eftir stríðið dvaldi hann í Flórens á Ítalíu og síðan um skeið í París. Hann var því þaulkunnugur því sem var efst á baugi í myndlistinni á þessum árum.


Elstu myndir Valtýs hér á sýningunni gefa hugmynd um þann impressjónistiska stíl sem abstraktmyndir hans höfðu yfir sér. Í kjölfar slíkra mynda komu strangflatarmyndir en myndir hans hér frá því milli 1955-1960 eru unnar með rípólín-lakki og þar sést hvernig fór að losna um strangflatarformið hjá honum. Síðan má segja að Valtýr fáist við ljóðrænar abstraksjónir og loks undir lokin er hann farinn að fást við landslag og uppstillingar. Þessi stutta yfirferð segir þá sögu að Valtýr hafi farið öðruvísi að en margur annar. Hann byrjar fígúratívur og endar einnig þannig," segir Hafsteinn um þær 25 myndir Valtýs Péturssonar sem Septemfélagar völdu úr verkum hans á vinnustofu listamannsins að fengnu góðfúslegu leyfi eftirlifandi konu hans, Herdísar Vigfúsdóttur.

Sýningu Septem-hópsins lýkur næstkomandi sunnudagskvöld en hún stendur yfir sem áður sagði í Vestursal Kjarvalsstaða.

H. Sig.



Valtýr Pétursson. „Uppstilling". 1984.



Valtýr Pétursson. „Málverk". 1947.